

# Fjármála- og efnahagsráðuneytið

## Minnisblað

Viðtakandi: **Fjárlaganefnd**  
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið**  
Dagsetning: **18.12.21**  
Málsnúmer:  
Bréfalykill:

**Efni: Hefjum störf**

Stjórnvöld hafa kynnt til sögunnar fjölda efnahagsúrræða vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar sem nýst hafa bæði heimilum og fyrirtækjum með beinum hætti. Þar hafa vegið einna þyngst aðgerðir sem ætlað var að draga úr atvinnuleysi. Þessar aðgerðir hafa meðal annars falist í ráðningarstyrkjum sem eru styrkir til atvinnurekenda sem ráða til sín fólk af atvinnuleysissskrá.

Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna ráðningarstyrkja nemi alls 15,1 ma.kr. Þar af falla 11,7 ma.kr. til á árinu 2021 og 3,4 ma.kr. á árinu 2022. Um er að ræða útgjöld sem tilkomin eru annars vegar vegna ráðningarstyrkja sem falla undir átakið *Hefjum störf* sem eru hluti af aðgerðum stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar og hins vegar vegna *Ráðningar með styrk* en það eru ráðningarstyrkir sem eru hluti af hefðbundnum vinnumarkaðsúrræðum hér á landi og teljast því ekki til tímabundinna aðgerða vegna kórónuveirunnar. Um 60% kostnaðarins er tilkominn vegna samninga í gegnum *Ráðning með styrk* og 40% í gegnum *Hefjum störf*.

Það sem greinir á milli þessara ráðningarstyrkja er að í *Hefjum störf* þarf atvinnuleitandi að hafa verið 12 mánuði eða lengur á atvinnuleysissskrá og getur styrkurinn numið að hámarki upphæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta auk 11,5% mótframlags í lífeyrissjóð, í allt að sex mánuði. Gildistími átakansins er til 31. desember 2021. Því mun hluti útgjalda vegna þessara ráðningarstyrkja falla til á árinu 2022. Sé atvinnuleitandi hins vegar ráðinn í gegnum hina hefðbundnu ráðningarstyrki *Ráðning með styrk* eru skilyrðin þau að atvinnuleitandi þarf að hafa verið í a.m.k. 1 mánuð á atvinnuleysissskrá. Styrkurinn er lægri en styrkurinn í *Hefjum störf* en hann getur numið grunnatvinnuleysisbótum auk 11,5% mótframlags í lífeyrissjóð, í allt að sex mánuði. Gildistími þessa úrræðis er ótímabundin þar sem úrræðið er hluti af hefðbundnum vinnumarkaðsúrræðum hér á landi og stendur því atvinnurekendum til boða óháð heimsfaraldrinum.

Ásókn í *Ráðning með styrk* margfaldaðist að umfangi samhliða átaki stjórnvalda í gegnum *Hefjum störf* Eingöngu 128 slíkir samningar voru í gildi í janúar 2021 áður en stjórnvöld kynntu til sögunnar *Hefjum störf*, í nóvember sl. voru þeir 2.766. Sú aðsókn skýrir að stórum hluta það frávik sem var frá upphaflegu kostnaðarmati en í því var eingöngu metinn kostnaður við átakið *Hefjum störf* og ófyrirséð þau áhrif sem það átak hafði á hina hefðbundnu ráðningarsamninga. Upphaflega var áætlað að 4.000 störf myndu skapast en reyndin er sú að nær tvöfalt fleiri störf urðu til með þessu átaki stjórnvalda. Þá má líka rekja frávik frá upphaflegu kostnaðarmati til þess að meirihluti samninga var gerður hjá fyrirtækjum og stofnunum þar sem launin eru að meðaltali hærri, en hjá sveitarfélögum og félagasamtökum þar sem áætlað var að stærri hluti samninga yrðu gerðir. Þannig varð framlag ríkisins á hvern samning herra en búist var við í upphaflegu mati.

Vinnumálastofnun (VMST) áætlar að í árslok 2021 hafi alls verið gerðir tæplega 7.900 samningar vegna ráðningarstyrkja. Tæplega 40% samninga eru í gegnum átaksverkefnið *Hefjum störf* og 60% vegna samninga í gegnum *Ráðning með styrk*. Gert er ráð fyrir að hlutfallsleg skipting ráðningarstyrkjanna verði með svipuðu sniði á árinu 2022. Áætlanir gera ráð fyrir að í janúar 2022 verði 1.588 samningar í gildi í gegnum *Hefjum störf* og 2.245 í gegnum *Ráðning með styrk*. Samningum fer síðan ört fækkandi og verða aðeins um 365 um mitt næsta ár gangi spár eftir. Að meðaltali er áætlað að hver samningur kosti um 333 þúsund krónur á mánuði.